

# Sjálfsmatsskýrsla

Skólaárið 2018 – 2019

unnin af

Kristjáni Erni EbenezerSSyni

## Efnisyfirlit

Inngangur .....	3
1. Sjálfsmatskerfið og framkvæmd þess.....	3
2. Innra mat .....	4
2.1 Kennitölur .....	4
2.2 Mat fyrrverandi nemenda.....	6
2.3 Áfangamat nemenda .....	11
2.4 Nemendafundur.....	13
2.5 Stefna FAS í A-hluta til þriggja ára .....	14
3. Ytra mat.....	17
3.1 Stjórnun og skipulag .....	17
3.2 Kennsla og námsframboð.....	18
3.3 Samskipti og líðan .....	19
3.4 Skólahúsnæði og aðbúnaður.....	20
3.5 Lykilárangur .....	20
Viðhengi I.....	21
Spurningalisti fyrir þátttakendur sem útskrifuðust af stúdentsbraut .....	21
Spurningalisti fyrir þátttakendur sem útskrifuðust af fjallamennskubraut. ....	24
Spurningalisti fyrir þátttakendur sem útskrifuðust af vélstjórnarbraut .....	27

## Inngangur

Hér birtist sjálfsmatsskýrsla Framhaldsskólans í Austur-Skaftafellssýslu fyrir skólaárið 2018-2019. Í henni er farið yfir og fjallað um það sjálfsmat sem unnið var í skólanum á árinu og var að mestu byggt á framkvæmdaáætlun sjálfsmats.

### 1. Sjálfsmatskerfið og framkvæmd þess

Sjálfsmatskerfi FAS byggir m.a. á lögum um framhaldsskóla, aðalnámskrá framhaldsskóla, skólasamningi og skólanámskrá. Hér að neðan er að finna yfirlit yfir verk- og framkvæmdaáætlun skólans sem nær til vors 2021. Hægt er að nálgast lýsingu á sjálfsmatskerfinu í skólanámskrá á [vef skólans](#).


<b>Tafla 1. Verk- og framkvæmdaáætlun frá haustönn 2019 til vorannar 2023</b>								
<b>Matsþættir</b>	<b>H19</b>	<b>V20</b>	<b>H20</b>	<b>V21</b>	<b>H21</b>	<b>V22</b>	<b>H22</b>	<b>V23</b>
Uppgjörsskýrslur	X	X	X	X	X	X	X	X
Kennitölur	X	X	X	X	X	X	X	X
Áfangamat nemenda			X			X		
Mat á skólastarfi	X				X			X
Mat fyrrverandi nemenda			X			X		
Mat samfélags				X				X
Mat rýnihópa nemenda		X				X		
Nemendafundir		X		X		X		X
Umbótamat	X	X	X	X	X	X	X	X
Skimunarpróf	X		X		X		X	
Skólanefndarfundir	X	X	X	X	X	X	X	X
Sjálfsmatsskýrslur		X		X		X		X

## 2. Innra mat

### 2.1 Kennitölur


Í þessum kafla verður farið yfir þróun nemendaígilda, brottfalls og einkunna í FAS síðustu ár og það borið saman við núverandi skólaár.

Líkt og undanfarin ár hefur nemendum í FAS farið fækkandi. Frá haustönn 2005 til dagsins í dag er meðalnemendaígildi við upphaf annar 140,8 en nemendaígildi sem skráð eru í lokamat eru 120,4. Í ár er meðalnemendaígildið í upphafi annar 105,5 en meðalnemendaígildi sem skráð eru í lokamat eru 94,3 (mynd 1).




Mynd 1. Nemendaígildi við FAS eftir önnum

Brottfall á haustönn er 8% ( 9,3 nemendaígildi) á meðan á vorönn er brottfallið 13% (13,2 nemendaígildi). Brottfallið er orðið nokkuð stöðugt þegar tekið er mið af því að brottfallið mældist 9% á vorönn 2018 og þær verklagsreglur sem settar voru að skila árangri og minnka brottfall í skólanum (mynd 2).



Mynd 2. Brottfall í FAS frá haustönn 2013 – vorannar 2019

Meðaltal lokaeinkunna skólaárið 2018-2019 er svipað og síðustu ár. Meðaltal einkunna á haustönn var 7,4 sem er hærra en síðustu ár en á vorönn lækkaði meðaltalið niður í 6,7 sem er svipað og síðustu ár (mynd 3).



Mynd 3. Meðaltal einkunna í FAS


## 2.2 Mat fyrrverandi nemenda

Samkvæmt framkvæmdaráætlun átti að fá mat fyrrum nemenda í FAS, ákveðið var að spyrja þá um nýtingu námsins í FAS við áframhaldandi námi eða vinnu. Allir þátttakendur voru útskriftarnemendur frá haustönn 2012 til vorannar 2015.

Útbúnir voru tveir spurningalistar, annar spurningalistinn var fyrir nemendur sem útskrifuðust á stúdentsbraut og hinn fyrir þá sem útskrifuðust af fjallamennsku- og vélstjórnarbraut (sjá viðauka I-III).


Hringt var í þátttakendur 22. – 23. október á vísindadögum og sá hópur nemenda FAS um að hringja. Útbúinn var spurningalisti á netinu fyrir þá sem ekki náðist í símleiðis, sá spurningarlisti var sendur ýmist í gegnum Facebook eða tölvupóst. Heildarfjöldi í þýði könnunarinnar voru 74. Þetta var þýðisrannsókn en það þýðir að úrtakið var jafn stórt og þýðið. Alls svöruðu 54 sem gerði því svarhlutfallið 72,3%. Þar af voru 40 einstaklingar sem höfðu lokið stúdentsbraut frá FAS, 14 karlar og 26 konur. Byrjað er á að fjalla um helstu niðurstöður nemenda sem útskrifuðust af stúdentsbraut og síðan verða teknar fyrir helstu niðurstöður þeirra sem útskrifuðust af fjallamennsku- eða vélstjórnarbraut.

Af þeim sem útskrifuðust af stúdentsbraut þá voru 33% (n=13) sem útskrifuðust af félagsvísindabraut (FÉ) og 23% (n=9) sem útskrifuðust af náttúrufræðibraut (NÁ) (mynd 4)




Mynd 4. Skipting fyrrum nemenda eftir útskriftarbraut. \* merkir að braut sé gömul

Þátttakendur voru spurðir hvort að þeir hefðu farið í eða væru að stunda framhalds- eða háskólanám sem gerði kröfur um stúdentspróf og 71% (n=18) kvenna sögðust hafa farið eða verið í námi sem gerði þessar kröfur á meðan 69% (n=10) karla sögðust hafa farið í eða verið í námi (mynd 5).



Mynd 5. Sýnir kynjaskiptingu á hvort fyrrum nemendur fóru í áframhaldandi nám sem gerði kröfur um stúdentspróf.


Flestir af þeim sem fóru í framhaldsnám sem krafðist stúdentsprófs fóru í nám tengt hug- eða félagsvísindum (n=11). Frekar jöfn dreifing var á því í hvað þátttakendur fóru í eftir stúdentspróf í FAS (sjá mynd 6.)



Mynd 6. Sýnir hverskonar nám stúdentar fóru að loknu námi í FAS.


Þegar þátttakendur voru spurðir hvernig námið í FAS nýttist þeim þá voru 50% (n=7) karla og 46% (n=12) sem töldu það hafa nýst þeim mikið eða talsvert. En það voru 21% (n=3) karla og 19% (n=5) kvenna sem töldu að námið nýttist lítið eða ekkert.

Þegar þátttakendur voru spurðir hvaða nám nýttist þeim best í FAS var stærðfræði 15 sinnum nefnd. Á meðan náttúrufræðigreinar og aðferðafræði voru aðeins nefnd 4 sinnum (mynd 7)



Mynd 7. Nám sem nýttist nemendum best í FAS fyrir háskólanám

Þegar þátttakendur voru spurðir hvers vegna námið nýttist þeim best, sem þau tilgreindu í fyrri spurningu, þá nefndu þátttakendur oftast að þau hefðu lagt sig fram í náminu (n=16). Síðan það sem var nefnt næst oftast var að kennslan væri góð. Í þessum spurningum gátu þátttakendur valið fleiri en einn valkost (mynd 8).



Mynd 8. Af hverju nýttist þetta nám best?




Þegar þátttakendur voru spurðir út í það á hvaða námssviði þá hefði vantað betri grunn þá var oftast nefnd stærðfræði þar á eftir voru náttúrufræðigreinar nefndar sjá töflu 1.

Tafla 1. Hvaða námssvið vantaði betri grunn

Stærðfræði	11
Félagsgreinar	4
Náttúrugreinar	6
Aðferðafræði	1
Listnám	1
Tungumál	2
Annað	3
Veit ekki	4


Þegar þátttakendur voru spurðir hvers vegna þau hefðu þurft meiri grunn í því námi sem þau tilgreindu í fyrri spurningu þá nefndu þátttakendur oftast að námið hefði ekki verið í boði sem hefði nýst þeim best í framhaldsnámi. Næst á eftir því kom að kennslan hefði ekki verið nægilega góð og að þátttakandinn valdi sig frá námssviðinu. Í þessum spurningum gátu þátttakendur valið fleiri en einn valkost (mynd 8).



Mynd 9. Af hverju vantaði grunn í þessu námi?

Þegar niðurstöður fjallamennsku- og vélstjórnarbrautar eru skoðaðar þá voru 12 karlar og aðeins 2 konur sem höfðu lokið námi af þessum tveim brautum. Þátttakendur voru á aldrinum 23 til 60 ára. Flestir töldu þá ólíklegt (n=8) að búa í sveitarfélaginu í framtíðinni, fjórir töldu það líklegt og tveir höfðu ekki gert upp hug sinn með framtíðar búsetu.

Þegar þátttakendur voru spurðir hvort þeir hefðu farið í áframhaldandi nám tengt faginu, sem sagt fjallamennsku eða vélstjórn, þá voru 33% (n=3) af þeim sem útskrifuðust af fjallamenskubraut sem fóru í áframhaldandi nám og af þeim útskrifuðust af vélstjórnarbraut voru 20% (n=1) sem fóru í áframhaldandi nám (sjá mynd 12).



Mynd 10. Áframhaldandi nám tengt faginu

Af þeim sem fóru í áframhaldandi nám tengt faginu (n=4) fannst námið í FAS nýttast þeim mikið eða talsvert í framhaldinu þar sem verklega kennslan stóð upp úr sem það sem nýttist þeim best bæði fyrir áframhaldandi fjallamenskunám og vélstjórnarnám. Þegar þátttakendur voru spurðir hvers vegna þetta nám nýttist best þá fannst þeim kennslan góð og það voru gerðar kröfur í náminu og tveir töldu sig hafa lagt sig fram í náminu. Þegar nemendur voru spurðir um hvar þeir hefðu þurft betri grunn þá kom fram að einn sem lauk fjallamenskubraut taldi sig þurfa betri grunn í ensku og einn af vélstjórnarbraut taldi sig þurfa betri grunn í stærðfræði.


Allir þátttakendur höfðu unnið við eitthvað sem tengdist náminu í FAS, þ.e.a.s. unnið við eitthvað tengt fjallamennsku eða vélstjórn og nefndu allir þátttakendur að námið í FAS hefði nýst þeim mikið eða talsvert í vinnu. Þátttakendur töldu að öll verkleg

kennsla á fjallamennsku- og vélstjórnarbrautinni hefðu nýst þeim best í vinnu tengdri faginu. Allir þátttakendur voru sammála um að kennslan hefði verið góð og að það hefðu verið gerðar kröfur í náminu. Einnig töldu þau að þau hafi lagt sig fram í náminu. Tveir þátttakendur hefðu viljað betri grunn í því að reka fyrirtæki í tengslum við fjallaleiðsögn.

### 2.3 Áfangamat nemenda


Áfangamat nemenda fór fram á vorönn 2019 í apríl mánuði og var lögð áhersla á lesstofu, kennslumyndbönd í áföngum og námsmöppu. Áfangamatið var lagt fyrir í gegnum Innuna og var um 44% svörun (275 áfanganemendur) í 71 hóp þar sem sumir áfangar voru með fleiri en einn hóp.

Þegar nemendur voru spurðir um hvernig lesstofuviðvera gagnast þeim í áfanganum þá völdu 6% (n=17) lakasta (gagnast þeim lítið) á meðan 33% (n=92) sögðu að viðvera á lesstofu ætti ekki við (mynd 11).




Mynd 11. Hvernig gagnast lesstofuviðvera?

Þegar nemendur voru spurðir um hvernig kennslumyndbönd myndu gagnast þeim í áfanganum þá völdu 4% (n=10) lakast (gagnast ekki mikið) á meðan 53% sögðu að það ætti ekki við í þeirra áfanga (mynd 12).



Mynd 12. Hvernig gagnast kennslumyndbönd í þínum áfanga?

Einnig voru nemendur spurðir út í það hvernig námsmappa gagnaðist þeim í náminu í áfanganum. Það voru 10% (n=27) sem töldu það ekki gagnast þeim en 23% (n=63) sem töldu það gagnast þeim (mynd 13). Í lokin höfðu nemendur kost á því að skrifa nokkur orð um það sem þeim fannst gott eða það sem hefði mátt betur fara í kennslu, verkefnum og/eða námsefninu og voru 44% (n=122) sem nýttu sér þann möguleika.



Mynd 13. Hvernig gagnast námsmappa í námi þínu í áfanganum?

## 2.4 Nemendafundur

Nemendafélag FAS sótti um styrk til Rannís til að fá fyrirlesara á Nemendafundinn. Styrkurinn datt inn og hljóðaði upp á 160.000 krónur. Ákveðið var að nota hann til að fá fyrirlesara til að byrja nemendafundinn. Fyrir valinu varð Katrín Oddsdóttir formaður Stjórnarskrárfélags Íslands. Hugmyndin var að hún talaði um lýðræði almennt og tilurð nýrrar stjórnarskrár. Einnig bauð nemendafélag skólans upp á hádegisverð að loknum fundi, sem mæltist vel fyrir.

Nemendafundurinn var opnaður á fyrirlestri Katrínar en síðan var farið í umræður á borðum um lýðræði og hvernig það birtist í skólastarfinu. Þeirri umræðu var fylgt úr vör með því að nemendur unnu saman á hverju borði að hugmyndum um það hvernig þeir vildu sjá starf nemendafélagsins á næsta ári. Þar komu fram margar góðar hugmyndir sem nemendafélagið mun hafa sem viðmið í sínu starfi á komandi skólaári.

Sem dæmi um hugmyndir: Gefa út afsláttarkort á vegum nemendafélagsins, halda böll með öðrum skólum, stuðla að umhverfisvænna umhverfi, leyfa nemendum að ákveða uppbot í skólanum, virkja félagslíf í Þrykkjunni og svo mætti lengi telja.

## 2.5 Stefna FAS í A-hluta til þriggja ára

### 2.5.1 Markmið í kjarnastarfsemi

Markmið 1		Tengist markmiði málaflokks		
Treysta á starfsgrundvöll skólans		Nemendur í öllum landshlutum hafi aðgengi að bók- og starfsnámi sem uppfylli kröfur næsta skólastigs og/eða atvinnulífs		
Mælikvarðar	Gögn lögð til grundvallar	Staða 2016	Staða 2017	Staðan 2018
Aðgerð 1 og 2 Nemendaígildi fjarnema	Skráning í Innu	12	12	27
Nemendaígildi í list- og verknámi	Skráning í Innu	7	29	33,5
Aðgerðir		Upphaf	Lok	Kostnaður 2018
1. Fjölga fjarnemendum með því að bæta þjónustu og kennslu. Einkum lögð áhersla á kennslumyndbönd, reglulega fundi og bættu umsjón.		Jan. 2017	Des. 2019	Óvíst. Erfitt að ná utan um kostnað
2. Miðla nemendum og kennslu í gegnum Fjarmentaskólann		Jan. 2017	Des. 2019	Óvíst. Erfitt að ná utan um kostnað
3. Styrkja list- og verknám í Vöruhúsinu með aukinni samvinnu á milli kennara og með því að festa þá í sessi.		Vorönn 2017	Vor 2019	Óvíst. Erfitt að ná utan um kostnað

<b>Markmið 2</b>		<b>Tengist markmiði málaflokks</b>		
Auka framboð starfsnáms		Auka framboð á staðfestu, heildstæðu og markvissu starfsnámi		
<b>Mælikvarðar</b>	<b>Gögn lögð til grundvallar</b>	<b>Staða 2016</b>	<b>Staða 2017</b>	<b>Staðan 2018</b>
Nemendaígildi starfsnámsnema	Gögn í Innu	11	24	27
<b>Aðgerðir</b>		<b>Upphaf</b>	<b>Lok</b>	<b>Kostnaður 2018</b>
Verknámsaðstaða í Vöruhúsi fyrir matreiðslu og matarsmiðju		Jan. 2017	Des. 2019	Var ekki gert
Nám í gegnum Fjarmenntaskólann í samvinnu við móðurskóla námssviða		Jan. 2017	Des. 2017	Óverulegur
Starfsnám ferðapjónustu, sjávarútvegi og verslun		Jan. 2017	Des. 2019	All verulegur en ekki aðgreindur í gögnum skólans

<b>Markmið 3</b>		<b>Tengist markmiði málaflokks</b>		
Hækka hlutfall þeirra sem ljúka námi		Fleiri nemendur ljúki prófi úr framhaldsskóla á tilskildum tíma.		
<b>Mælikvarðar</b>	<b>Gögn lögð til grundvallar</b>	<b>Staða 2016</b>	<b>Staða 2017</b>	<b>Staðan 2018</b>
Framhalds-skólabraut	Hlutfall útskrifaðra eftir 4 annir í námi	Áætlun fyrir vor 2017	0%	11,11%
Stúdentsbrautir	Hlutfall útskrifaðra eftir 6 annir í námi	Áætlun fyrir vor 2017	53%	37,5%
Verkefnaskil allra nemenda	Gögn frá kennurum í hverjum áfanga	86,5%		Hætt að taka þau gögn saman
<b>Aðgerðir</b>		<b>Upphaf</b>	<b>Lok</b>	<b>Kostnaður 2018</b>
Aukið samstarf við foreldra nemenda á framhaldsskólabraut		Maí 2017	Júní 2019	Óverulegur

Bæta umsjónarkerfi á stúdentsbrautum og auka þar ábyrgð nemenda	Maí 2017	Maí 2019	Óverulegur
Bæta verkefnaskil nemenda með auknu aðhaldi og samráði kennara	Maí 2016	Maí 2019	Óverulegur

### 2.5.2 Markmið í rekstrarþáttum

<b>Markmið 1</b>	Að hækka hlutfall fastráðinna starfsmanna í fullu starfi í stoðþjónustu.			
<b>Mælikvarðar</b>	<b>Gögn lögð til grundvallar</b>	<b>Staða 2016</b>	<b>Staða 2017</b>	<b>Staðan 2018</b>
Hlutfall fastráðinna starfsmanna í fullu starfi í stoðþjónustu.	Ráðningarsamningar	25%	50%	60%
<b>Aðgerðir</b>		<b>Upphaf</b>	<b>Lok</b>	<b>Kostnaður 2018</b>
Skoða samþættingarmöguleika við sambærilega starfsemi í Nýheimum		Jan. 2017	Des. 2017	Óverulegur
Fastráða í fullt starf eða úthýsa til Nýheima		Jan. 2018	Des. 2018	Óverulegur

<b>Markmið 2</b>	Styrkja faglega hæfni starfsmanna			
<b>Mælikvarðar</b>	<b>Gögn lögð til grundvallar</b>	<b>Staða 2016</b>	<b>Staða 2017</b>	<b>Staða 2018</b>
Hlutfall starfsmanna á sameiginlegu námskeiði	Skráð þátttaka	35%	55%	60%
Fjöldi sem fer á eitt eða fleiri námskeið á ári	Upplýsingar frá starfsmönnum	24%	54%	Óþekkt
<b>Aðgerðir</b>		<b>Upphaf</b>	<b>Lok</b>	<b>Kostnaður 2018</b>
Sameiginlegt starfsmannanámskeið á hverju starfsári		Maí 2017	Ágúst 2019	750.000,- kr
Auka endurmenntun starfsmanna				Óverulegur



### 3. Ytra mat

Menntamálastofnun lauk við ytra mat skólans á vorönn 2017, hægt er að nálgast skýrsluna með því að smella [hér](#). Menntamálaráðuneytið kallaði eftir viðbrögðum FAS við skýrslunni og óskaði eftir tímasettri áætlun hvernig yrði brugðist við tillögum í henni.

#### 3.1 Stjórnun og skipulag

Tillaga	Viðbrögð
Formlegt samráð á vettvangi skólanefndar þarf að gera reglubundnara, nauðsynlegt er að koma á virku skólaráði og koma samstarfi við foreldraráð á fastan grundvöll. Skipurit skólans nær ekki til allra skilgreindra stjórnunareininga og staða verkefnisstjóra er óljós innan þess.	Reglulegir fundir skólanefndar, skólaráðs, foreldraráðs og samráðsfundir við foreldra eru komnir á dagatal skólans sem er birt á vef skólans.  Innan skólans eru menn ekki sammála þessari staðhæfingu. Starf verkefnastjóra er skilgreint í stofnanasamningi skólans og félagsmanna KÍ
Íhuga þarf vandlega hvort ekki sé rétt að formgera yfirstjórn skólameistara, áfangastjóra og fjármálastjóra.	Hefur verið rætt og ákveðið að formgera ekki yfirstjórn skólameistara, áfangastjóra og fjármálastjóra.
Vinna þarf skipulega að því að endurheimta traust nemenda til skólameistara um það sem snýr að félagslífi nemenda.	Ekki ljóst hvað hér er átt við en það sem helst hefur komið út úr samtölum við nemendur er að þeir eru ósáttir við að fá ekki að vera einir og eftirlitslausir í húsnæði skólans. Nemendum verður gert ljóst hver sé ástæðan fyrir þessu og bent á leiðir til að koma á framfæri óánægju sinni um ákvarðanir skólameistara.
Setja þarf umbótaáætlanir fram með skýrari hætti í sjálfsmatsskýrslu.	Sjálfsmatsskýrslan er unnin af verkefnastjóra sjálfsmats í samráði við skólameistara og áfangastjóra. Skýrslan er rædd á kennarafundi og í skólanefnd. Þetta ferli stuðlar að því að umbótaáætlanir séu settar fram með skýrum hætti.

### 3.2 Kennsla og námsframboð

#### Tillaga

Leita þarf leiða til að fjölga nemendum á nýjan leik.

#### Viðbrögð

Stöðugt í gangi vinna við að fjölga nemendum með því að bæta skólann með áherslu á eftirfarandi atriði:

- Unnið hefur verið markvisst að því að bæta fjarnám skólans. Samþykkt hafa verið [viðmið](#) fyrir fjarnámskennslu og ráðinn verkefnastjóri fjarnáms.
- Unnin hafa verið kynningarmyndbönd um skólann.
- Vefur skólans uppfærður og eru samfélagsmiðlar nýttir til þess að koma upplýsingum á framfæri.
- Aukið framboð á list- og verknámi.
- Aukið samstarf við foreldra og aðrar menntastofnanir.
- Námsframboð sniðið að þörfum fullorðinna.

Vinna þarf ötullega gegn brotthvarfi úr einstaka áföngum og /eða alveg úr skóla. Í því sambandi þarf að taka tillit til gamalgróinnar vinnumenningar og hás atvinnustigs á svæðinu sem gerir það að verkum að vinna með námi er mikil og leiðir að einhverju marki til brotthvarfs nemenda.

Til að vinna gegn brotthvarfi hefur verið lögð áhersla á eftirfarandi:

- Námsráðgjafi og skólahjúkrunarfræðingur ráðnir til starfa.
- Skýrt skipulag um heildarvinnu nemenda út námstímamann.
- Endurbætt umsjónakerfi.
- Teymi umsjónakennara, námsráðgjafa og skólahjúkrunarfræðings hittist reglulega og fer yfir stöðu nemenda.
- Óvirkir nemendur afskráðir í upphafi annar.
- Foreldrasamstarf aukið og endurskipulagt.

Leita þarf leiða til að hækka hlutfall námsráðgjafa.

Ráðinn hefur verið námsráðgjafi í hálfstarfshlutfall, var áður þriðjungshlutfall.

Íhuga þarf hvernig hægt sé að draga úr áhrifum landfræðilegrar staðsetningar á sókn kennara í reglubundna endurmenntun.

Til að efla starfsþróun hefur verið lögð áhersla á eftirfarandi:

- Sameiginleg námskeið haldin reglulega fyrir starfsmenn.
- Farið er í skipulagðar skólaheimsóknir í lok vorannar.

Bæta þarf netsamband í húsnæði skólans.

Þráðlausu netið í skólanum hefur verið uppfært.

### 3.3 Samskipti og líðan

<b>Tillaga</b>	<b>Viðbrögð</b>
Huga þarf að umbótum í félagslegu umhverfi innan og utan FAS sem er mörgum ungmennum, einkum stúlkum, erfitt.	Til að bæta félagslegt umhverfi hefur verið lögð áhersla á eftirfarandi: <ul style="list-style-type: none"><li>- Nemendur hafa greiðan aðgang að kennurum utan kennslustunda</li><li>- Félagslífið hefur verið styrkt m.a. með skýrari kennsluáherslu</li><li>- Aðstaða nemenda í opnu rými bætt</li></ul>
Leita þarf leiða til þess að auka félagslega aðstoð og geðheilbrigðisþjónustu.	Skimunarpróf til að meta líðan lögð fyrir af skólahjúkrunarfræðingi. Nemendum sem komu illa úr skimunarprófinu var boðin viðeigandi aðstoð.
Vinna þarf að aukinni þátttöku nemenda í félagslífi innan skóla.	Félagslífið er skilgreint sem einingabært tómsundanám. Unnið hefur verið markvisst að því að efla tómsundanám.
Bæta þarf almenna félagsaðstöðu fyrir nemendur utan skóla.	Hafa fengið inni í félagsaðstöðu sveitarfélagsins.
Draga þarf úr fjarvistum úr kennslu og íhuga hvort ekki sé rétt að standa fastar á mætingarreglum.	Stefna skólans er að vísa nemendum ekki frá skóla vegna mætinga heldur er unnið markvist að því að fá nemendur til að mæta betur.
Efla þarf starfsemi foreldrafélagsins og auka aðild þess að innri málefnum skólans.	Til þess að efla foreldrasamstarf hefur verið lögð áhersla á eftirfarandi: <ul style="list-style-type: none"><li>- Foreldrafundir haldnir minnst einu sinni á önn</li><li>- Á hverri önn er foreldrum og nemendum boðið í mat til þess að ræða málefni skólans.</li><li>- Foreldrar koma að gæslu á dansleikjum</li><li>- Foreldrar og nýnemar koma á fund með stjórnendum skólans áður en skólaganga hefst.</li><li>- Sett var upp foreldrahandbók á vef skólans.</li><li>- Póstur sendur út reglulega til foreldra nemenda yngri en 18 ára þar sem farið er yfir skólastarfið og námið.</li></ul>
Afla þarf upplýsinga um gengi brautskráðra nemenda á næsta skólastigi.	Gerðar eru kannanir reglulega þar sem brautskráðir nemendur eru spurðir um nám og störf. Óskað eftir að Menntamálastofnun kanni þetta fyrir framhaldsskólana í heild.

### 3.4 Skólahúsnæði og aðbúnaður

<b>Tillaga</b>	<b>Viðbrögð</b>
Það kæmi skólanum vel að hafa eigið íþróttahús til umráða.	Er ekki vandamál; erum með aðstöðu í íþróttahúsi sveitafélagsins og í góðu samstarfi við líkamsræktarstöð.

### 3.5 Lykilárangur

<b>Tillaga</b>	<b>Viðbrögð</b>
Vinna þarf að því að auka brautskráningarhlutfall nemenda.	Til að auka brautskráningarhlutfall nemenda hefur verið lögð áhersla á eftirfarandi: <ul style="list-style-type: none"><li>- Áætlun út námstímann unnin fyrir alla nemendur.</li><li>- Settar voru reglur um námsframvindu.</li><li>- Umsjónakerfi eflt og aðhald nemenda aukið.</li></ul>
Ýmis sóknarfæri eru til staðar fyrir skólann til þess að flétta grunnþætti menntunar með skýrari hætti inn í daglegt starf.	Er viðvarandi verkefni í skólanum, svo sem með tengingu á vettvangsferðum og sjálfbærni, svo og tengingu félagslífs við lýðræði, jafnrétti. Einnig má nefna viðvarandi erlent samstarf og tengsl við fyrirtæki og stofnanir á svæðinu.
Kanna þarf með skilvirkum hætti hvernig unnt sé að búa brautskráða nemendur frá FAS sem best undir nám á öðru/næsta skólastigi.	Gerð eru kannanir reglulega þar sem brautskráðir nemendur eru spurðir um nám og störf. Lögð rík áhersla á miklar kröfur á þriðja námsprepi. Óskað eftir að Menntamálastofnun kanni þetta fyrir framhaldsskólana í heild.

## Viðhengi I

Spurningalisti fyrir þátttakendur sem útskrifuðust af stúdentsbraut

*Ef aldur er ekki tilgreindur þá spyrjið þið spurningu 1a*

1a. Hvað ertu gamall/gömul? \_\_\_\_\_

1. Í hvaða pósthúsi býrðu í dag? \_\_\_\_\_

*Ef þátttakendur vita ekki pósthúsið, spyrja þá um staðinn?*

2. Hversu líklegt eða ólíklegt er að þú búir í Sveitarfélaginu Hornafirði í framtíðinni?

*Ekki lesa upp svör. Ef viðmælandi svarar líklegt eða ólíklegt. Þá spyrja „Er það mjög eða frekar líklegt“.*

- Mjög líklegt
- Frekar líklegt
- Hef ekki gert upp hug minn
- Frekar ólíklegt
- Mjög ólíklegt

3. Ertu eða hefurðu verið í háskólanámi eða öðru framhaldsnámi sem gerir kröfur um stúdentspróf?

- Já
- Nei

- Þeir sem svara þessari spurningu neitandi svara spurningum 4 og 5.
- Þeir sem svara þessum spurningum játandi svara spurningum 6 - 12

4. Hefurðu farið í annað nám á framhaldsskólastigi?

*Menntaskólar/fjölbrautaskólar/iðnskólar er á framhaldsskólastigi*

- Já. Hvaða nám? \_\_\_\_\_
- Nei

5. Hversu vel eða illa finnst þér námið í FAS almennt hafa nýst þér?

- Mjög vel
- Frekar vel
- Hvorki vel né illa
- Frekar illa
- Mjög ill

6. Hvað af eftirtöldum möguleikum lýsir best námsstöðu þinni í dag? Ég ætla að lesa upp valmöguleikana fyrir þig.

- Ég er ekki í háskólanámi eða öðru framhaldsnámi sem stendur
- Grunnnámi mínu í háskóla eða öðru framhaldsnámi er ólokið
- Ég hef lokið grunnnámi eða diplómanámi
- Ég hef lokið meistaraþáttunni eða doktorsþáttunni

7. Í hvers konar háskólanám eða framhaldsnámi nám fórstu? Ég ætla að lesa upp valmöguleikana fyrir þig.

- Raun- eða náttúruvísindanám
- Hug- eða félagsvísindanám
- Listnám
- Annað. Hvað? \_\_\_\_\_

8. Hvernig hefur nám í FAS nýst þér í háskólanáminu þínu?

*Segja að valmöguleikarnir séu mikið, talsvert, lítið og ekkert.*

- Það hefur nýst mér mikið
- Það hefur nýst mér talsvert
- Það hefur nýst mér lítið
- Það hefur ekkert nýst mér
- Ég veit það ekki

9. Hvaða eða hvers konar nám í FAS nýttist þér best í háskólanámi þínu?

---

---

---

10. Af hverju nýttist þetta nám þér best? Þú mátt velja fleiri en einn möguleika og ég ætla að lesa þá upp fyrir þig.

- Kennslan var góð.
- Það voru gerðar kröfur í náminu
- Námið í FAS er á sama sviði og háskólanámið/framhaldsnámið
- Ég lagði mig fram í náminu
- Annað. Hvað? \_\_\_\_\_

11. Á hvaða námssviði hefðir þú þurft betri grunn fyrir þitt háskólanám?

---

---

---

---

---

12. Af hverju vantaði grunninn í þessu námi? Þú mátt velja fleiri en einn möguleika og ég ætla að lesa þá upp fyrir þig.

- Kennslan var ekki nægilega góð.
- Það voru ekki gerðar nægar kröfur í náminu
- Námið í FAS er ekki á sama sviði og háskólanámið/framhaldsnámið
- Ég lagði mig ekki nógu mikið fram
- Námið var ekki í boði í FAS
- Ég valdi mig frá námssviðinu
- Annað. Hvað? \_\_\_\_\_

Ég þakka þér kærlega fyrir þátttökuna. Niðurstöður könnunarinnar verða kynntar á föstudaginn hér í FAS og settar inn á heimasíðu skólans. Bless.

Spurningalisti fyrir þátttakendur sem útskrifuðust af fjallamennskubraut.

*Ef aldur er ekki tilgreindur þá spyrjið þið spurningu 1a*

**1a. Hvað ertu gamall/gömul?** \_\_\_\_\_ (ef aldur er ekki tilgreindur)

**1. Í hvaða pósthúsi býrðu í dag?** \_\_\_\_\_

*Ef þátttakendur vita ekki pósthúsið, spyrja þá um staðinn?*

**2. Hversu líklegt eða ólíklegt er að þú búir í Sveitarfélaginu Hornafirði í framtíðinni?**

*Ekki lesa upp svör. Ef viðmælandi svarar líklegt eða ólíklegt. Þá spyrja „Er það mjög eða frekar líklegt“.*

- Mjög líklegt
- Frekar líklegt
- Hef ekki gert upp hug minn
- Frekar ólíklegt
- Mjög ólíklegt

**3. Þú útskrifaðist af Fjallamennskubraut. Hefurðu farið í áframhaldandi nám í faginu?**

- Já
- Nei

- *Ef þátttakendur svara nei þá svara þeir ekki spurningum 5 – 8*

**4. Hvernig hefur nám í FAS nýst þér í því námi?**

*Segja að valmöguleikarnir séu mikið, talsvert, lítið og ekkert.*

- Það hefur nýst mér mikið
- Það hefur nýst mér talsvert
- Það hefur nýst mér lítið
- Það hefur ekkert nýst mér
- Ég veit það ekki
- Svaraði nei

**5. Hvaða eða hvers konar nám á fjallamennskubrautinni nýttist þér best í náminu?**

**6. Af hverju nýttist þetta nám þér best? Þú mátt velja fleiri en einn möguleika og ég ætla að lesa þá upp fyrir þig.**



- Kennslan var góð.
- Það voru gerðar kröfur í náminu
- Ég lagði mig fram í náminu
- Annað. Hvað? \_\_\_\_\_

7. **Á hvaða sviði hefðir þú þurft betri grunn fyrir námið þitt?**

---

---

---

---

8. **Af hverju vantaði grunninn í þessu námi? Þú mátt velja fleiri en einn möguleika og ég ætla að lesa þá upp fyrir þig.**

- Kennslan var ekki nægilega góð.
- Það voru ekki gerðar nægar kröfur í náminu
- Ég lagði mig ekki nógu mikið fram
- Námið var ekki í boði í FAS
- Annað. Hvað? \_\_\_\_\_

9. **Hefurðu unnið við eitthvað sem tengist náminu í fjallamennsku?**

- Já. Hvað: \_\_\_\_\_
- Nei

- **Ef þátttakendur svara nei þá er könnun lokið**

10. **Hvernig hefur nám í FAS nýst þér í þeirri vinnu?**

*Segja að valmöguleikarnir séu mikið, talsvert, lítið og ekkert.*

- Það hefur nýst mér mikið
- Það hefur nýst mér talsvert
- Það hefur nýst mér lítið
- Það hefur ekkert nýst mér
- Ég veit það ekki
- Svaraði nei

11. **Hvaða eða hvers konar nám á fjallamenskubrautinni nýttist þér best í þeirri vinnu?**

---

---

---

---

**12. Af hverju nýttist þetta nám þér best í þeirri vinnu? Þú mátt velja fleiri en einn möguleika og ég ætla að lesa þá upp fyrir þig.**

- Kennslan var góð.
- Það voru gerðar kröfur í náminu
- Ég lagði mig fram í náminu
- Annað. Hvað? \_\_\_\_\_

**13. Á hvaða sviði hefðir þú þurft betri grunn í þeirri vinnu?**

---

---

---

---

---

**14. Af hverju vantaði grunninn í náminu? Þú mátt velja fleiri en einn möguleika og ég ætla að lesa þá upp fyrir þig.**

- Kennslan var ekki nægilega góð.
- Það voru ekki gerðar nægar kröfur í náminu
- Ég lagði mig ekki nógu mikið fram
- Námið var ekki í boði í FAS
- Annað. Hvað? \_\_\_\_\_

Ég þakka þér kærlega fyrir þátttökuna. Niðurstöður könnunarinnar verða kynntar á föstudaginn hér í FAS og settar inn á heimasíðu skólans. Bless.

Spurningalisti fyrir þátttakendur sem útskrifuðust af vélstjórnarbraut

*Ef aldur er ekki tilgreindur þá spyrjið þið spurningu 1a*

**1a. Hvað ertu gamall/gömul?** \_\_\_\_\_ (ef aldur er ekki tilgreindur)

**1. Í hvaða póstnúmeri býrðu í dag?** \_\_\_\_\_

*Ef þátttakendur vita ekki póstnúmerið, spyrja þá um staðinn?*

**2. Hversu líklegt eða ólíklegt er að þú búir í Sveitarfélaginu Hornafirði í framtíðinni?**

*Ekki lesa upp svör. Ef viðmælandi svarar líklegt eða ólíklegt. Þá spyrja „Er það mjög eða frekar líklegt“.*

- Mjög líklegt
- Frekar líklegt
- Hef ekki gert upp hug minn
- Frekar ólíklegt
- Mjög ólíklegt

**3. Þú útskrifaðist af Vélstjórnarbraut. Hefurðu farið í áframhaldandi nám í faginu?**

- Já
- Nei

- *Ef þátttakendur svara nei þá svara þeir ekki spurningum 5 – 8*

**4. Hvernig hefur nám í FAS nýst þér í því námi?**

*Segja að valmöguleikarnir séu mikið, talsvert, lítið og ekkert.*

- Það hefur nýst mér mikið
- Það hefur nýst mér talsvert
- Það hefur nýst mér lítið
- Það hefur ekkert nýst mér
- Ég veit það ekki
- Svaraði nei

**5. Hvaða eða hvers konar nám á vélstjórnarbrautinni nýttist þér best í náminu?**

---

---

6. Af hverju nýttist þetta nám þér best? Þú mátt velja fleiri en einn möguleika og ég ætla að lesa þá upp fyrir þig.

- Kennslan var góð.
- Það voru gerðar kröfur í náminu
- Ég lagði mig fram í náminu
- Annað. Hvað? \_\_\_\_\_

7. Á hvaða sviði hefðir þú þurft betri grunn fyrir námið þitt?

---

---

8. Af hverju vantaði grunninn í þessu námi? Þú mátt velja fleiri en einn möguleika og ég ætla að lesa þá upp fyrir þig.

- Kennslan var ekki nægilega góð.
- Það voru ekki gerðar nægar kröfur í náminu
- Ég lagði mig ekki nógu mikið fram
- Námið var ekki í boði í FAS
- Annað. Hvað? \_\_\_\_\_

9. Hefurðu unnið við eitthvað sem tengist vélstjórnarnáminu?

- Já. Hvað: \_\_\_\_\_
- Nei

- Ef þátttakendur svara nei þá er könnun lokið

10. Hvernig hefur nám í FAS nýst þér í þeirri vinnu?

Segja að valmöguleikarnir séu *mikið, talsvert, lítið og ekkert.*

- Það hefur nýst mér mikið
- Það hefur nýst mér talsvert
- Það hefur nýst mér lítið
- Það hefur ekkert nýst mér
- Ég veit það ekki
- Svaraði nei

11. Hvaða eða hvers konar nám á vélstjórnarbrautinni nýttist þér best í þeirri vinnu?

---

---

**12. Af hverju nýttist þetta nám þér best í þeirri vinnu? Þú mátt velja fleiri en einn möguleika og ég ætla að lesa þá upp fyrir þig.**

- Kennslan var góð.
- Það voru gerðar kröfur í náminu
- Ég lagði mig fram í náminu
- Annað. Hvað? \_\_\_\_\_

**13. Á hvaða sviði hefðir þú þurft betri grunn í þeirri vinnu?**

---

---

**14. Af hverju vantaði grunninn í náminu? Þú mátt velja fleiri en einn möguleika og ég ætla að lesa þá upp fyrir þig.**

- Kennslan var ekki nægilega góð.
- Það voru ekki gerðar nægar kröfur í náminu
- Ég lagði mig ekki nógu mikið fram
- Námið var ekki í boði í FAS
- Annað. Hvað? \_\_\_\_\_

Ég þakka þér kærlega fyrir þátttökuna. Niðurstöður könnunarinnar verða kynntar á föstudaginn hér í FAS og settar inn á heimasíðu skólans. Bless.